**Sþ. 852. Breytingartillaga**

við till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Eiríki Einarssyni.

2. málsgr. orðist svo:

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þannig: Læknadeild háskólans tilnefnir þrjá menn, og séu tveir læknar, annar sérfræðingur um lyfjafræði, en hinn um lyflækningafræði, en hinn þriðji lyfjafræðingur, og eigi enginn þeirra persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við lyfjasölu og lyfjafræðingurinn ekki í þjónustu lyfsala; hæstiréttur tilnefnir hinn fjórða, og sé hann lögfræðingur; landlæknir sé sjálfkjörinn fimmti maður og formaður nefndarinnar. Nefndin leiti álits Læknafélags Íslands, Apótekarafélags Íslands og Lyffræðingafélags Íslands og taki afstöðu til tillagna þeirra.